

## **Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki**

\*\*\*\*\*

### **17. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki haldinn mánudaginn 28. október 2019 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 15:00.**

Mætt: Tómas Ellert Tómasson, Magnús Gíslason, Hrund Harðardóttir, Helga Sighvatsdóttir, Frá Hornsteinum komu Ögmundur Skarphéðinsson og Ólafur Þ. Hersisson, Arnar Kári Hallgrímsson frá Eflu, Óðinn Andersen, Atli Marel Vokes, Eiríkur Steinn Búason, Birgir Edwald og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð. Arna Ír Gunnarsdóttir boðaði forföll.

- 1) Kynning frá hönnunarhópi Hornsteina. Ögmundur var með inngang og upplýsti m.a. um að ýmsar spurningar hefður vaknað hjá þeim. Ólafur bætt við að nú væri tækifærið að ræða hlutina út frá ýmsum sjónarhornum. Þeir félagar kynntu skóla sem þeir hafa teiknað í Reykjavík og Hafnarfirði. Umræða um forsögn athugasemdir/ábendingar. Kynning á greiningu forsagnar. Lóðargreining og vangaveltur - hjartað í hverfinu, ríkjandi vindáttir, sólríkar áttir, greiðar gönguleiði, bílastæði o.fl. Þeir vörpðu fram vangaveltum varðandi breytingu á bygginarreit og taka þá meira tillit til vindátta þegar byggingin er staðsett á lóðinni.
- 2) Umræða um gönguleiðir, undirgöng og skólahverfaskiptingu. Hönnuðir fá skólahverfaskiptingu fyrir næsta fund.
- 3) Magnús spurði um fyrirhuguð áform um byggingarland austan við Björkurstykki, svokallað Jórvíkurland, sem stendur til að koma í gegnum skipulag. Hvort það yrði á undan Björkurstykki til úthlutunar og myndi þá hafa áhrif fyrstu árin á flæði nemenda að skólanum o.s.frv. Tómas Ellert kvað svo ekki vera, það land kæmi seinna til úthlutunar þar sem það væri mun skemur á veg komið en Björkurstykki.
- 4) Á næsta fundir verður fyrsta tillaga lögð fram. Samþykkt að ákveðið frjálrsæði verði um byggingarreitinn.
- 5) Umræða um að byggingarnefnd skoði nýlega skóla á höfuðborgarsvæðinu.
- 6) Tímaáætlun verður uppfærð og næsti fundur í nefndinni verður eigi síðar en eftir þrjár vikur. Verður ákveðið nánar á næstu dögum. Gott væri að hafa Teams vefsvæði fyrir hópinn þar sem nýjustu gögn eru vistuð inn og þar væri einnig hægt að taka umræðuna.
- 7) Millistykki milli fyrsta og annars áfanga þarf að vera sveigjanlegt.

Fundi slitið kl. 16:16.